



Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. nóvember 2019
20191100321/12.8.4

Kt. 420169-3889.

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (gengishagnaður).- 89. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 25. október 2019 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lögð til sú breyting á 2. mgr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl) að í stað þess að rekstraraðilum verði skylt að færa mismun á gengistapi og gengishagnaði ársins til tekna með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári þegar gengishagnaður fellur til verði um heimildarákvæði að ræða. Með frumvarpinu er því lagt til að rekstraraðilar hafi val um hvort skattskyldum gengishagnaði verði dreift á þrjú ár eða hann tekjufærður í einu lagi.

Ákvæðið eins og það er núna hefur kallað á nokkurt eftirlit af hálfu ríkisskattstjóra þar sem eitthvað hefur verið um að rekstraraðilum hafi láðst að tekjufæra gengishagnað sem áður hafði verið dreift. Það er mat ríkisskattstjóra að þessi breyting sé almennt til bóta og skapi ekki auknar flækjur í framtalsgerð.

Vakin er athygli á að ef þessi breyting verður gerð á 2. mgr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. tsl. vaknar sú spurning hvort ekki sé rétt að gera einnig breytingu á 2. mgr. 4. tölul. 49. gr. tsl. en þar er finna sambærilegt ákvæði um dreifingu gengistaps. Ekki verður annað séð en að sömu sjónarmið geti átt þar við og gagnvart dreifingu á gengishagnaði.

Í skattframtali 2018 voru 1.403 félög með dreifingu gengishagnaðar (2/3), samtals 13,1 milljarð og 1.540 félög voru með dreifingu gengistaps (2/3), samtals 47,2 milljarða. Í skattframtali 2019 voru 1.714 félög með dreifingu gengishagnaðar (2/3), samtals 20,1 milljarð og 1.470 félög voru með dreifingu gengistaps (2/3), samtals 24,9 milljarða.

Að öðru leyti sér ríkisskattstjóri ekki ástæðu til athugasemda við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,

f.h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Jón Ásgeir Tryggvason